

TÆKNIMINJASAFN AUSTURLANDS

HAFNARGÖTU 44 , 710 SEYÐISFIRÐI SÍMI:472-1596 NETFANG: tekmus@sfk.is

Fundur haldinn í Tækniminjasafni Austurlands að Hafnargötu 44, Seyðisfirði þann 30. janúar 2003 klukkan 17:45. Mættir voru Jón Guðmundsson, Grétar Benjamínsson og Jóhann Grétar Einarsson ásamt framkvæmdastjóra Pétri Kristjánssyni.

Gerðir fundarins:

1. Starfsemi safnsins 2002.

Starfsemi safnsins hófst að fullu 15. maí þegar forstöðumaður var ráðinn í fullt starf. Í samráði við vinnuhóp safnahluta "Aldamótabæjarins" og Sögusmiðjuna tókst að klára vinnu við nýja skipulagsskrá og söfnunarstefnu-sýningarstefnu sem hvorutveggja liggja nú inni hjá Safnaráði til staðfestingar. Allt bendir til að safnið fái viðurkenningu og þar með rekstrarstryrk og aukna möguleika á verkefnastyrkjum.

Fastar sýningar safnsins voru opnar frá 15. júní til 31. ágúst og komu 303 gestir á þær. 13. júlí til 11. ágúst stóð yfir sýning í Seyðisfjarðarskóla sem hlaut nafnið "El Grilló í stríði og friði." Á hana komu 390 gestir.

Lokið var við áætlunargerð um stórfellda uppbyggingu safnsins. Hún var í höndum Sögusmiðjunnar sem skilaði 55 síðna greinargerð í Nóvember. Í tengslum við vinnu Sögusmiðjunnar var leitað til fjárlaganefndar Alþingis sem leiddi til þess að ríkisjóður ætlar að styðja uppbygginguna með 7 milljónir króna á árinu 2003.

Vinnan eftir að sýningum lauk í haust hefur aðallega snúist um áætlunargerð og nanari mótun verkefna í samræmi við framlagðar áætlanir. Unnið hefur verið að því að mynda tengsl við aðila sem hugsanlega geta stutt við verkefnið og að undirbúningi stykjaumsókna.

Búið er að koma upp góðum tölvutengingum við safnið í gegn um netþjón kaupstaðarins og er nú hægt að tengjast beint við miðlægan gagnagrunn Sarpsins á Akureyri. Forstöðumaður hefur fengið nokkra æfingu í notkun búnaðarins og er lokið við að skrá um 50 muni til prufu.

2. Greinargerð sögusmiðjunnar. Sjá bækling frá Sögusmiðjunni nóvember 2002

3. Framkvæmdáætlun 2003. Áætluð gjöld um það bil 21 milljón króna .

4. Rekstraráætlun 2003 hljóðar uppá 6.2 milljónir króna.

5. Fjármögnun. Sjá rekstrar- og framkvæmdáætlun 2003.

6. Samstarf við Rarik.Rarik ætlar að gera eitthvað í tilefni af 90 ára afmæli rafveitur Seyðisfjarðar og vill ræða við okkur um málið.

7. Umsóknir. Sótt hefur verið um kennitölu fyrir safnið hjá Hagstofunni. Einnig hefur forstöðumaður verið að vinna að ýmsum umsóknum sem eru í vinnslu.

8. Önnur mál. Forstöðumaður telur að hann þurfi að ráða mann í vinnu við safnið aðallega vélsmiðjuna. Samþykkt er að ráða Sófus Jóhannsson í fjóra mánuði.

Ákveðið er að leita að hönnuði fyrir ákveðin verkefni. Rætt var um að sniðugt væri ef Grétar kæmi upp amatør-radioi sínu og sýndi það almenningi og radioamatörar gætu fengið afnot af því þegar þeir kæmu til Seyðisfjarðar, einnig sagði Pétur frá hugmynd um unglíngaradioið Fm- sendi radio Seyðisfjörður gæti hugsanlega verið hér á safninu í umsjá þeirra.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið klukkan 19:15

Vagga



TÆKNIMINJASAFN AUSTURLANDS

Hafnargötu 44, 710 Seyðisfirði sími:472-1596 fax:472-1567 tekmus@sfk.is